Október 2026

Hvatarblaðið

Fundargerðir

Sveitarstjórn 621. fundur

Sveitarstjórn 622. fundur



Oddvitapistill

Kæru vinir,

Nú er haustið svo sannarlega farið af stað. Laufin orðin gul og farin af fjúka af trjánum í haustlægðunum sem ganga nú yfir landið af mismiklum krafti.

Það þýðir að nýtt kjörtímabil er einnig farið vel af stað. Ný sveitarstjórn hefur verið starfandi í ríflega 100 daga og því tilefni til að líta yfir helstu verkefni. Það hefur bæði verið gaman og gefandi að takast á við þetta nýja verkefni, við njótum þess svo sannarlega að hafa hana Röddu með okkur í þessu, en hún hefur ásamt Fjólu sveitarstjóra og frábæru starfsfólki skrifstofunnar séð um að við förum ekki út af sporinu.
Við höfum haldið nokkra sveitarstjórnarfundi þrátt fyrir sumarleyfi. Þeir hafa farið vel og skipulega fram og samstarfið innan sveitarstjórnar verið gott.

Meðal þess sem við höfum verið að vinna að undanfarna daga fyrir utan hefðbundin verkefni er að halda áfram með slökkvistöðina, en platan var steypt í síðustu viku og við bíðum núna eftir því að sjá húsið rísa. Áætluð verklok eru í desember 2026 en þá taka Brunavarnir Árnessýslu við því og halda áfram vinnu innandyra. Ef allt gengur að óskum ættum við að sjá tæki í húsinu á vormánuðum og það verður þá orðið hluti af því viðbragði sem BÁ er með. Þetta verður mikil bylting fyrir okkar svæði en útkallstími hefur verið hvað lengstur hér í kringum Borg af þeim svæðum sem BÁ þjónar.

Við buðum út vinnu við efri hæð gamla stjórnsýsluhússins á dögunum en henni verður breytt í skólastofur sem munu auka pláss í grunnskólanum til muna, sem var orðið vel tímabært. Það mun þýða að skólinn verður vel í stakk búin til að takast á við hlutverk sitt næstu árin.

Þá var ákveðið að kaupa færanlegar einingar undir Frístundina Drekagil. Markmið er að vera með viðunandi aðstöðu fyrir þetta mikilvæga starf á meðan unnið er áfram í skólahúsnæðinu.

Það var mjög ánægjulegt að taka Gömlu Borg í notkun á dögunum. Húsið var formlega opnað gestum og gangandi á þjóðhátíðardaginn 17. júní s.l.
Við fögnum því að húsið sé aftur komið í eigu sveitarfélagsins enda á það sér langa sögu sem menningarhús og samkomustaður ýmissa viðburða í samfélaginu. Við í sveitarstjórn erum full tilhlökkunar að sjá líf í húsinu á ný. Kvenfélag Grímsnes hélt þar haustfund nú nýverið og við það tækifæri færði sveitarfélagið þeim að gjöf skáp sem smíðaður var af Svansverki, gjöfin var gefin í tilefni 100 ára afmæli Kvenfélagsins.

Sveitarstjórn hefur sett saman reglur fyrir Gömlu-Borg en húsið verður nýtt af félagasamtökum í sveitinni og af sveitarfélaginu sem menningar- og samfélagshús.

frh...

Grímsævintýrin voru vel sótt eins og undanfarin ár en hátíðin er farin að festa sig í sessi sem ein af þeim hátíðum sem fólk verður að sækja á svæðinu. Það er einkar ánægjulegt enda er hún einn af aðal fjáröflunarviðburðum kvenfélagsins.

Undirritaður sótti Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga á dögunum.
Þar er stefna sambandsins mótuð fyrir næstu fjögur ár. Þingið var mjög fræðandi og samþykkt var ályktun um að halda hækkunum á gjaldskrám innan 2,5%. Hér í sveitarfélaginu höfum við undanfarin ár verið frekar í því að lækka gjaldskrár og stefnum auðvitað á að leggja okkar af mörkum fyrir íbúa, fasteignaeigendur og fyrir allan almenning. Fjárhagsáætlunarvinna fyrir næsta ár er hafin og þessi ályktun kemur sterk inn í þá vinnu.

Unnið hefur verið að því að klára lóðina við leikskólann. Sú vinna hefur gengið vel eins og annað í sumar og það er mjög gaman að heyra hvað fólk er ánægt með þær framkvæmdir til fegrunar á umhverfinu okkar sem gerðar hafa verið undanfarin ár.

Undirritaður fundaði með FRÍ-GOGG þegar félagið hélt aðalfund sinn. Sá fundur var mjög góður og góðar umræðum urðu um þau málefni sem að brenna á frístundahúsaeigendum. Bæði var rætt um sorpmál og seyrumál sem eru í stöðugri skoðun hjá sveitarstjórninni og starfsfólki sveitarfélagsins. En einnig var rætt um brunavarnir. Það er ánægjulegt að segja frá því að stofnaður hefur verið vinnuhópur um gróðurelda innan stjórnar Brunavarna Árnessýslu að undirlagi undirritaðs sem að situr í stjórninni fyrir hönd Uppsveitanna. Það er afar mikilvægt að við virkjum alla sem koma að þessum málum enda eru brunavarnir í sveitarfélaginu með mikilvægustu verkefnum sem við getum unnið að.

Fjöldi annarra verkefna hafa komið inn á borð sveitarstjórnarinnar sem okkur hlakkar öll til að takast á við.

Við hvetjum íbúa og aðra áhugasama til að hafa samband við okkur og ræða málin.

Bestu kveður
Guðmundur Finnbogason,
Oddviti sveitarstjórnar.

Platan steypt: Björgunarmiðstöðin á Borg tekur á sig mynd

Stór áfangi náðist í byggingu nýrrar björgunarmiðstöðvar á Borg laugardaginn 26. september þegar gólfplata hússins var steypt. Nú styttist í að húsið fari að rísa, því límtré frá Límtré Vírneti er væntanlegt á verkstað á næstu dögum.

Frá skóflustungu að steyptri plötu

Framkvæmdir hafa gengið vel frá því að fyrsta skóflustungan var tekin við Þinggerði 1 á Borg 12. mars síðastliðinn. Í kjölfarið var verkið boðið út, og alls bárust ellefu tilboð. Verksamningur við HR smíði var undirritaður 9. júní og síðan hefur verið unnið að jarðvinnu, sökklum og nú gólfplötu. Næsta skref er að reisa burðarvirki hússins, sem er límtrésgrind klædd stálklæddum steinullareiningum.

Öryggi fyrir íbúa og gesti

Björgunarmiðstöðin er sameiginlegt verkefni Grímsnes- og Grafningshrepps, Brunavarna Árnessýslu og Hjálparsveitarinnar Tintron. Tintron mun nýta um 60% hússins og Brunavarnir Árnessýslu um 40%.
Með miðstöðinni rís í fyrsta sinn slökkvistöð á Borg. Það styttir viðbragðstíma og eykur öryggi íbúa, sumarhúsaeigenda og ferðamanna á svæðinu. Tintron fær jafnframt aðstöðu sem gerir sveitinni kleift að vaxa í takt við samfélagið.

Hvað er framundan?

Áætluð verklok eru í desember 2026. Við munum senda út uppfærslur um framkvæmdina eftir því sem á líður og húsið rís. Fylgist með!



KERHÓLSSKÓLI

Sveitaþema í 3.–4. bekk

Undanfarið hefur 3.–4. bekkur verið að vinna með þemað sveitin, þar sem nemendur hafa meðal annars lært um kindur, svín, hænur og ýmislegt annað sem tengist dýrum og störfum í sveitinni.

Í dag fengum við svo tækifæri til að færa námið út fyrir skólastofuna og heimsækja tvo bæi. Fyrst lá leiðin í Ásgarð, þar sem mikil hænsnarækt er. Þar fengu krakkarnir að gefa landnámshænunum korn, skoða aðstæður þeirra og sjá hvar þær verpa eggjunum sínum.

Þaðan héldum við í Klausturhóla, þar sem við fengum að gefa hestunum brauð, klappa geitunum og prófa fjórhjólið, sem er ómissandi hjálpartæki við ýmis störf í sveitinni.

Þetta var frábær dagur þar sem nemendur fengu að tengja það sem við höfum verið að læra við raunverulegt sveitalíf og njóta þess að leika sér í þeirri ævintýraveröld sem sveitin getur verið.

Kærar þakkir fyrir okkur og frábærar móttökur.

Kveðja, Þóra umsj.kennari og krakkarnir í 3.og 4.bekk.









KERHÓLSSKÓLI

gleði - jákvæðni - virðing

Fjölbreytt og öflugt íþróttastarf hafið hjá Umf. Hvöt

Hauststarfið hjá Ungmennafélaginu Hvöt er komið á fullt skrið og það er einstaklega ánægjulegt að sjá hversu fjölbreytt og öflugt íþróttastarfið verður í vetur. Iðkendur eru allt frá leikskólaaldri og upp í fullorðna, þannig að sannarlega ættu flest að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.
Í vetur býður Hvöt upp á fjölbreytt úrval íþróttagreina, körfubolta, knattspyrnu, blak, frjálsar íþróttir, hreysti og brennibolta fyrir mismunandi aldurshópa. Auk þess er Litli íþróttaskólinn á laugardögum fyrir börn á aldrinum 2–9 ára og opinn fjölskyldutími þar sem fjölskyldur geta komið saman og hreyft sig. Sérstaklega er gaman að geta boðið börnum á leikskólaaldri upp á fjölbreytta hreyfingu strax frá unga aldri. Yngstu iðkendurnir fá tækifæri til að kynnast íþróttum í gegnum leik og gleði, meðal annars í körfubolta, knattspyrnu og frjálsum íþróttum, auk Litla íþróttaskólans um helgar. Þar er lögð áhersla á að efla hreyfifærni, sjálfstraust og félagsfærni – en fyrst og fremst að börnin upplifi að það sé gaman að hreyfa sig og vera hluti af íþróttastarfi.

Það er ekki sjálfgefið að hægt sé að bjóða upp á svo fjölbreytta dagskrá í litlu samfélagi. Það er fyrst og fremst öflugu fólki að þakka. Við hjá Hvöt erum einstaklega heppin með þjálfarahópinn okkar og viljum koma á framfæri kærum þökkum til allra þeirra sem gefa sér tíma og leggja metnað í að skapa gott, jákvætt og hvetjandi umhverfi fyrir iðkendurna okkar. Ekki síður eigum við frábæra iðkendur sem mæta með krafti, gleði og vilja til að læra og bæta sig.
Það er sérstaklega gaman að sjá breiddina í starfinu – allt frá litlum leikskólabörnum að stíga sín fyrstu skref í íþróttum yfir í unglinga og fullorðna sem halda áfram að æfa, keppa og njóta þess að hreyfa sig saman. Svona starf snýst ekki eingöngu um íþróttir. Það byggir upp félagsanda, vináttu og samheldni og skapar vettvang þar sem fólk á öllum aldri getur komið saman.
Við erum stolt af starfinu okkar og hlökkum mikið til starfsins saman 2026–2027.

Áfram Hvöt!
Veiga Dögg Magnúsdóttir, formaður Umf. Hvatar



UMF HVÖT
1907










H - G
14 03
UMF HVÖT


16 55
UMF HVÖT


16 52
UMF HVÖT



Kvenfélag Grímsneshrepps

Sterkari saman

Konur styrkja samfélagið

SAMAN GERUM VIÐ GOTT SAMFÉLAG

VIRKNI • VELVILD • VELLÍÐAN









KVENFÉLAG GRÍMSNESHREPPS

1919 Kvenfélag Grímsneshrepps

Kvenfélag Grímsneshrepps

Saman fyrir samfélagið

FATASKIPTIMARKAÐUR

Gefðu fötum nýtt líf – gerum gott saman!



Laugardaginn
3. október 2026

kl. 13:00 – 16:00

Félagsheimilið Borg

Komdu, skiptu og finndu nýja gullmola!



Komdu með föt

Skiptu og finndu nýtt

Gerum sjálfbærari samfélag

SJÁUMST Á BORG!

Kvenfélag Grímsneshrepps

KVENFÉLÖGIN 6
Í UPPSVEITUM

BJØÐA ÖLLUM KONUM Á SVÆÐINU Á

SKEMMTIKVÖLD

í góðum félagsskap!

Söngur
Dans
Fjör



FÖSTUDAGINN
2. OKTÓBER

Í ÁRNESI
HÚSIÐ OPNAR KL. 18:30

Kvenfélögin bjóða upp á:

Fordrykk
til að byrja kvöldið vel

Söngskemmtun/singalo
með Guðrúnu Árnýju

Línudans
reynsla ekki nauðsynleg

HAMBORGARHLAÐBORD
KR. 2.900
PANTA OG GREIÐA FYRIRFRAM

SKRÁNING HJÁ LÁRU
lbj@806.reykholtsskoli.is
FYRIR 28. SEPTEMBER

Tökum kvöldi frá!

HLÖKKUM TIL AÐ SJÁ YKKUR!

KVENFÉLÖGIN 6 Í UPPSVEITUM

Frá Kvenfélagi Grímsneshrepps



Kvenfélag Grímsneshrepps hélt haustfundinn sinn, á Gömlu Borg eftir að Grímsnes- og Grafningshreppur festi kaup á húsinu. Það er dásamlegt að geta nýtt þetta sögufræga hús sveitarinnar aftur undir félagsstörf.

Aðal málið á dagskrá var uppgjör og samantekt frá Grímsævintýrum á Borg. Við erum enn á bleiku skýi eftir ævintýrin enda gengu þau vonum framar þrátt fyrir rigningarsudda á hátíðardeginum, metfjöldi gesta var á staðnum og seldust tombólamiðarnir 3.000 upp á mettíma! Einnig fórum við yfir það sem við höfum verið að gera yfir árið og það sem er framundan. Við hlökkum til að segja ykkur frá þeim verkefnum sem við munum styrkja í ár, þökk sé stuðningi frá ykkur






GAMLA





Matseðill október 2026

Dags.	Mánudagur.	Þriðjudagur.	Miðvikudagur.	Fimmtudagur.	Föstudagur.
1. – 2. október	*Matseðill gæti breyst einhverja daga vegna t.d. (aðföng, dagskrá skóla ofl.)*			1. október Steiktur fiskur, hrísgrjón, ostasósa.	2. október Starfsdagur leik og grunnskóla. Eldhús lokað.
5. - 9. október	5. október Hakk og spaghetti.	6. október Krispí karfi, paprikusósa, kartöflur.	7. október Svínasteik, kartöflubátar, maís, rjómasósa.	8. október Plokkfiskur, egg, rúgbrauð, smjör.	9. október Makkarónugrautur, brauð, álegg.
12. - 16. október	12. október Steiktar kjötbollur, kartöflumús, brún sósa.	13. október Fiskur í raspi, kartöflur, kokteilsósa.	14. október Pylsupasta, hvítlauksbrauð.	15. október Soðinn fiskur, kartöflur, rúgbrauð, smjör.	16. október Grjónagrautur, brauð, álegg.
19. - 23. október	19. október Beikonvafinn kjöthleifur, kartöflumús, brún sósa.	20. október Fiskibollur, kartöflur, hrísgrjón, karrýsósa.	21. október Gúllassúpa, hvítlauksbrauð.	22. október Vetrarfrí. Eldhús lokað.	23. október Vetrarfrí. Eldhús lokað.
26. - 30. október	26. október Soðið slátur, kartöflur, rófur, uppstúf.	27. október Fiskur í orly, hrísgrjón, estragonsósa.	28. október Píta með buffi, grænmeti, pítusósu.	29. október Lax, kartöflur, hollandaisesósa.	30. október Skyr, brauð, álegg.





HREYSTI

STYRKUR • ÞOL • HREYFIGETA

Markvissar æfingar • Góð stemning • Fyrir öll getustig

ÞRIÐJUDAGAR & FIMMTUDAGAR

Hópur 1 · 16:30–17:20 | Hópur 2 · 17:30–18:20
Hefst 1. september · Takmörkuð pláss í boði

VERÐ
1 mánuður · 19.900 kr. | 3 mánuðir · **54.900 kr.**
September–nóvember

ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐIN BORG · GRÍMSNESI

SKRÁNING & UPPLÝSINGAR
sigrunontrack@gmail.com

ÞJÁLFARAR

Sigrún Arna Brynjarsdóttir
Íþrótta- og heilsufræðingur
CrossFit L2 • Functional Fitness • WL101

Veiga Dögg Magnúsdóttir
Einkaþjálfari hjá WC • Kennari M.Ed.

BÓKASAFN/LIBRARY

GRÍMSNES OG GRAFNINGSHREPPS

Opnunartímar í október /opening hours in October:

Mánud./Mondays	kl. 15:30-17:00
Miðvikud./Wednesdays	kl. 15:30-17:00

Kvöldopnun / evening hours:

Handverkskvöld	6. okt. kl. 19:30-21:30
Opið hús 60 +	27. okt. kl. 19:30-21:30

Öll velkomin.

GRÆNA KANNAN - KAFFIHÚS

VERSLUNIN VALA

Opnunartími í
Grænu könnunni & Völu
alla daga 11:00 til 16:00

MÖTUNEYTIÐ ER OPIÐ ALLA VIRKA DAGA 11:30 TIL 13:00














VEFVERSLUN

SÓLHEIMAR
SJÁLFBÆRT SAMFÉLAG

Öndun og slökun í Íþróttamiðstöðinni á Borg

Breathwork and Relaxation at the Borg Sports Centre

Sómatískar aðferðir til að minnka stress og streitu í daglegu lífi

Somatic methods to reduce stress in everyday life

TÍMI: Alla sunnudaga klukkan 20:00

TIME: every Sunday at 20:00

STAÐSETNING: Yogarými í íþróttasal, Borg.

LOCATION: Yoga room in the gym, Borg.

LEIÐBEINANDI: Aron Backman

FACILITATOR: Aron Backman

Frjáls framlög

Voluntary donations



GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPUR

VILTU LEIGJA BORÐ HJÁ OKKUR?

Ef þú ert að vinna hjá byggðasamlögum Grímsnes- og Grafningshrepp stendur þér til boða að bóka þér vinnuaðstöðu.
Sendið póst á linda@gogg.is til að bóka borð.

Wi-Fi

Fundarherbergi

24/7

Kaffiaðstaða



Grímsnes- og Grafningshreppur

Sumaropnun

Sumaropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. maí til 31. ágúst

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-16	Lokað	13-16	13-16	10-16	Lokað

Vetraropnun

Vetraropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. september til 30. apríl

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-15	Lokað	13-15	Lokað	13-16	Lokað

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir.

Lokað er á gámastöðinni eftirtalda daga: Nýársdag – Föstudaginn langa – Páskadag – Frídag verkamanna 1. maí – Hvítasunnudag – 17. Júní – Þorláksmessu – Aðfangadag jóla – Jóladag – Annan í jólum og Gamlársdag.

OPIÐ ER FYRIR LOSUN HEIMILISSORPS ALLAN SÓLARHRINGINN

RITSTJÓRI HVATARBLAÐSINS LINDA SVERRISDÓTTIR	ÁBYRGÐARMAÐUR ÞORLEIF HOFFMANN GUNNARSDÓTTIR
Efni í blaðið þarf að berast fyrir 28. hvers mánaðar á netföngin: linda@gogg.is eða gogg@gogg.is	https://www.gogg.is/

ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐIN BORG

Nú er hægt að kaupa mismunandi áskriftaleiðir í Íþróttamiðstöðina okkar



Sjá hér

Hvetjum alla til að prófa þessa frábæru aðstöðu.
Tökum vel á móti öllum

Vetraropnun frá og með 17. ágúst





BESTA AÐSTAÐAN

SUND FYRIR ALLA

HREYFING OG HEILSA

SLÖKUN OG VELLÍÐAN

MÆTING ER BÆTING :)